



## Umsögn

**Til: Sviðsstjóra velferðarsviðs**

**Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs**

***Efni: Húsnæði með þjónustu fyrir heimilislausar konur***

Sviðsstjóri velferðarsviðs hefur óskað eftir umsögn vegna tillögu um húsnæði með þjónustu fyrir heimilislausar konur.

Lagt er til að auka stöðugildi á H121 um fjögur frá og með 1. febrúar 2021 til að koma til móts við þjónustufarfarir þeirra kvenna sem þar munu búa. Velferðarsvið hefur metið viðbótarkostnað vegna þessara breytinga á 26 m.kr. á ári sem rúmast ekki innan fjárheimilda sviðsins.

## Umsögn

Kostnaðarmat velferðarsviðs gerir ráð fyrir fjórum nýjum stöðugildum stuðningsfulltrúa til að halda uppi nauðsynlegri sólarhringsþjónustu á H121. Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt það mat og er niðurstaðan sú að kostnaður vegna framangreindra stöðugilda sé um 40 m.kr. árlega. Samkvæmt velferðarsviði verður hluti þess, 14 m.kr. fjármagnaðar með hagræðingu innan sviðsins og því eru um 26 m.kr. ófjármagnaðar.

Verði stöðugildum fjölgað um fjögur frá 1. febrúar 2021 þyrfti að auka fjárheimildir sviðsins um tæpar 24 m.kr. á næsta ári.

*Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*